

Leiðbeiningar um reikningsskil sókna

Í skýringum efst skal koma fram að reikningur sé gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenjur og fylgt sé í meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og frá fyrra ári. Almenn t gilda lög nr. 145/1994 um bókhald og lög nr.144/1994 um gerð ársreikninga, með þeirri undantekningu að fasteignir skulu færðar á brunabótamati. Sá texti sem er innan hornklofa er valkvæður og ber að breyta textanum í samræmi við reikningsskilaaðferðir.

Skil á ársreikningi

Sóknum ber að senda undirritaðan ársreikning á pdf-skjali á þjónustuvef kirkjunnar, naust.kirkjan.is

aðgang að þjónustuvef hafa prestar, formaður, ritari og gjaldkeri sóknarnefnda.

Á þjónustuvefnum eru skráðar helstu lykiltölur úr ársreikningi sóknarinnar.

Hlaða þarf upp pdf eintaki af ársreikningnum á þjónustuvefnum á sama stað og skráning lykiltalna.

Fyrirspurnir um ársreikninga sendist á, arsreikningar@kirkjan.is

Eingöngu er tekið við ársreikningi á meðfylgjandi formi.

Áritanir

Nauðsynlegt er að allir tilgreindir aðilar áriti ársreikninginn. Hafi löggiltur endurskoðandi endurskoðað ársreikninginn og vottað hann með áritun sinni þarf sú áritun að fylgja með.

Ársreikningur

Færa skal fjárhæðir inn í skyggða reiti sundurliðunardálka ársreikningsins og varpast þá samtölur inn í rekstrar- og efnahagsreikning.

Rekstrarreikningur

1.1 Sóknargjöld

Hér eru færðar tekjur vegna sóknargjalda áður en framlag héraðssjóðs er greitt þ.e. brúttó fjárhæð. Framlag í héraðssjóð er fært undir gjaldalið 2.4.7 - annar rekstrarkostnaður Hægt er að nálgast uppgjör sóknargjalda inn á vef Fjársýslu ríkissins; fjs.is

2.1. Almenn t safnaðarstarf

Hér skal færa öll gjöld að meðtöldum launum og launatengdum gjöldum eftir því sem við á.

2.1.1 Helgihald Undir þessum lið er færður kostnaður við guðsþjónustur, kyrndarstundir o.fl. Um er að ræða kostnað vegna organista, kóra, hljóðfæraleikara, einsöngvara svo og sálmabækur, skreytingar og annað sem tilheyrir.

2.1.2 Fræðsla Hér er átt við kostnað vegna sunnudagaskóla, efniskostnað vegna barna- og æskulýðsstarfs. Einnig kostnaður vegna fermingarfræðslu og fullorðinsfræðslu.

2.1.3 Kærleikspjónusta, líknar- og hjálparstarf Hér er einkum átt við heimsóknarþjónustu, opið hús fyrir aldraða og líknarstarf. Hér eru færðir styrkir til hjálpar- og líknarstarfs.

2.1.4 Annað safnaðarstarf Annar kostnaður við safnaðarstarf er færður hér eins og kostnaður vegna tónlistar-, menningar- og listastarfs í kirkjunni.

Sundurliðun launa

Launaframtal skal vera í samræmi við laun og launatengd gjöld. Vakin er athygli á því að Ríkisendurskoðun er heimilt að kalla eftir bókhaldsgögnum, þar með talið launaframtali. Óskað er eftir sundurliðun launa með ársreikningi í heildarlaun og launatengd gjöld annars vegar og hins vegar hvernig launagjöldin skiptast á rekstrarliði sem innifalin eru í liðum 2.1. til 2.4.

Efnahagsreikningur

Eignir sem eru ekki færðar í efnahagsreikning skal færa á eignaskrá.

3.1 Fasteignir

Fasteignir sókna skulu færðar á **brunabótamati** og á árlegt endurmat þess fært í gegnum eigið fé. Um reglulegar afskriftir í rekstrarreikningi er ekki að ræða. Brunabótamat tekur til þeirra efnislegu verðmæta húseignar sem geta eyðilagst í eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignarinnar að öðru leyti.

3.4 Bundnar innstæður

Sóknir sem hyggja á framkvæmdir, nýbyggingar eða endurbætur, geta lagt til hliðar í framkvæmdasjóð.

4.3 Veðskuldir

Ef um veðskuldir er að ræða þarf að koma fram hvaða eign er að veði fyrir skuldinni.

Sundurliðun langtímaskulda

Óskað er eftir áætlun um hvernig langtímaskuldir greiðast á næstu árum (án vaxta).